

Ólöf Kristín Daníelsdóttir

Frá: Reynir Karlsson <juliasi62@simnet.is>
Sent: sunnudagur, 9. janúar 2022 18:05
Til: Fjallabyggð
Efni: Byggðakvóti 2021/2022.umsögn.
Flokkar: Vistað í OneCRM; 2112053
One: -1

Ég undirritaður Reynir Karlsson, kt. 230460-3379 geri hér með tillögu um sérstök skilyrði fyrir byggðakvóta fyrir Siglufjörð:

1. Lagt er til að vinnsluskylda á bolfiski verði afnumin
2. Að úthlutað verði að hámarki 40 tonn á hvern umsóknaraðila

Rökstuðningur:

1. Varðandi vinnsluskylduna, þá er það þannig að Hafblik er hættur vinnslu á bolfisk og enginn er kominn í staðinn fyrir hann. Mér vitanlega er enginn aðili sem er að vinna bolfisk á ársgrundvelli, sem gæti tekið við öllum tegundum og stærðum af mér til vinnslu. Sem dæmi er heimilt í Skagafirði að setja allan afla á markað.
2. Varðandi hámark á umsóknaraðila, þá væri það óeðlilegt að einni af kvótastærstu útgerð landsins verði færður nánast allur byggðakvóti á silfurfati í krafti stærðar sinnar. Sem dæmi, þá hvarflar ekki að Fisk á Sauðárkróki að sækja í byggðakvóta í Skagafirði, þeir eru ekki að keppa við minni útgerðir, enda skiptir byggðakvóti ekki slíka útgerðarrisa miklu máli, þegar horft er til úthlutunar á aflaheimildum.

Reynir Karlsson, Júlía SI-62.